

Reykjavík 7. mars 2022

Tannlæknar sem sækja um starfsleyfi á Íslandi og lokið hafa menntun frá landi utan EES/Sviss

Tannlæknadeild fer yfir umsókn um starfsleyfi og fyrirbyggjandi umsóknargögn að beiðni embættis landlæknis og útbýr umsögn sem send er embættinu.

Ef ljóst er að menntun viðkomandi tannlæknis uppfyllir ekki lágmarksskilyrði tilskipunar 2005/36/EB, ásamt síðari breytingum þá mælir Tannlæknadeild með því að umsækjandi þeyti staðlað, skriflegt tannlækningapróf (INBDE) sem og verklegt/klínískt stöðupróf.

Prófið er hægt að þeyta árlega, venjulega í apríl, og er staðsetning þess í London, Englandi. Tannlæknadeildinni þarf að berast staðfesting á að umsækjandi hafi staðist prófið beint frá The Joint Commission on National Dental Examination (JCNDE), sem hefur yfirumsjón með umræddu prófi. Nánari upplýsingar um INBDE og forskráningu má finna [hér](#).

Umsækjendur panta s.k. DENTPIN, sem nýtist þeim til öflunar upplýsinga um framgang og niðurstöðu prófs. Umsækjendur skulu einnig nota DENTPIN til að sækja um að þeyta prófið á heimsíðu JCNDE. Þegar umsækjandi hefur sótt um að þeyta prófið sendir hann Tannlæknadeild tímanlega upplýsingar þess efnis og deildin sér um að umsókn hans verði skráð.

Umsækjandi ber ábyrgð á öllum útgjöldum í tengslum við INBDE-prófið og ferðalögum þar að lútandi.

Standist próftaki INBDE prófið hefur hann öðlast rétt til að þeyta verklegan/klínískan hluta stöðuprófsins sem fer fram við Tannlæknadeild. Gerð er krafa um að umsækjandi sýni fram á hæfni í að gera tannskurð og framkvæma hefðbundna fyllingavinnu, skv. hæfniviðmiðum. Fagstjóri tannfyllingar tekur ákvörðun um framkvæmd í samráði við umsækjanda.

Áætlaður kostnaður umsækjanda vegna verklega hluta prófsins er ISK 120.000 kr. m.v. verðlag dagsins í dag.

Standist umsækjandi hæfniviðmið verklega/klíníska hluta stöðuprófsins skal umsækjandi tilkynna embætti landlæknis þar um. Landlækni er í kjölfarið heimilt að gefa út starfsleyfi til umsækjanda.

f.h. Tannlæknadeildar Háskóla Íslands

Ellen Flosadóttir, deildarforseti

Erna Rún Einarsdóttir, lektor

Sigríður Rósa Víðisdóttir, lektor